

HVERFISRÁÐ EYRARBAKKA

Fundargerð 29. fundar hverfisráðs Eyrarbakka

9. mars 2021

Árið 2021, þriðjudaginn 9. febrúar kl. 19:35 kom hverfisráð Eyrarbakka saman til fundar í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka.

Fundinn sátu Magnús Karel Hannesson, Drífa Pálín Geirs, Guðmundur Ármann Pétursson, Sigmar Ólafsson og Vigdís Sigurðardóttir, sem ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn Esther H. Guðmundsdóttir, varamaður í hverfisráði, og Eggert Valur Guðmundsson bæjarfulltrúi.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Umsögn um deiliskipulagsbreytingu að Pykkvaflöt 3–9 á Eyrarbakka

Erindi skipulags- og byggingarnefndar Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 25. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðs Eyrarbakka um tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Pykkvaflöt á Eyrarbakka. Breytingin felur í sér að einbýlishúsalóðirnar við Pykkvaflöt 3,5, 7 og 9 verða sameinaðar í tvær raðhúsalóðir með 4 íbúðum á einni hæð með bílageymslu í endaíbúðum.

Eftirfarandi bókun var samþykkt með fjórum samhljóða atkvæðum:

Hverfisráð Eyrarbakka leggst gegn tillögu að breytingum á deiliskipulagsáætlunum fyrir lóðirnar nr. 3, 5, 7 og 9 við Pykkvaflöt á Eyrarbakka sem kynnt var á fundi hverfisráðsins 9. mars 2021.

Hverfisráðið telur það algjört stílbrot að hverfa frá gildandi deiliskipulagi við Pykkvaflöt, en þar hefur verið gert ráð fyrir tvílyftum húsum frá því deiliskipulagið var samþykkt 1994 ásamt viðbót frá 2005 (deiliskipulag við Hulduhól). Þegar eru komin tvílyft hús á lóðunum nr. 1, 11 og sunnan megin við götuna nr. 4 og 6. Því myndu tvö fjögurra íbúða hús á einni hæð falla illa inn í götumyndina og skemma heildarsvipmót hennar.

Markmiðið með deiliskipulaginu frá 1994 var að skapa íbúðabyggð sem að formi til byggði á þeirri byggingarhefð sem finna má á Eyrarbakka og myndi styrkja heildarmynd staðarins, þ.e. frekar litla húskroppa á 1½ hæð með portveggjum og mænispaki og með viðbyggingum á göflum og/eða langhliðum. Þó að nú um stundir sé ekki eftirspurn eftir því að byggja einbýlishús með framangreindu formi þá getur sá tími komið og þá væri verra að hafa ekki slíkar lóðir til úthlutunar. Sveitarfélagið gæti hugsanlega örvað slíka eftirspurn með því að bjóða framangreindar fjórar lóðir við Pykkvaflöt með afslætti af lóðarverði, eins og gert hefur verið við Hulduhól.

Þar að auki er gatan Pykkvaflöt alveg á mörkum þess verndarsvæðis sem gert er ráð fyrir í tillögu að verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka, sem nú er unnið að á vegum Sveitarfélagsins Árborgar. Tvílyft hús við götuna falla því vel að eldri byggðinni, sem hin lágreistu raðhús myndu ekki gera.

Sigmar Ólafsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

2. Umsögn um byggingaráform á lóðinni Eyrargötu 16c á Eyrarbakka

Erindi skipulags- og byggingarnefndar Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 1. mars 2021, þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðs Eyrarbakka um umsókn til að byggja við og endurbyggja bílskúr að Eyrargötu 16c á Eyrarbakka, sbr. meðfylgjandi teikningar.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum:

Hverfisráð Eyrarbakka leggst gegn áformum um við- og endurbyggingu geymslu við húsið nr. 16c við Eyrargötu í þeirri mynd sem kynnt voru á fundi hverfisráðsins 9. mars 2021.

Hverfisráðið telur að nýja bílgeymslan, sem koma á í stað geymslunnar sem byggð var 1943, sé í engu samræmi við skilmála um verndun og uppbyggingu, sem sett eru fram í drögum að greinargerð með tillögu að verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka og unnið hefur verið að á síðustu árum. Þar segir m.a. að „það sem byggt er nýtt skal laga sig að byggðinni sem fyrir er og hlutföll og svipmót hennar skulu virt“. Og einnig: „Innan verndarmarkanna **ber** að varðveita og viðhalda því heildaryfirbragði sem þar ríkir og kemur fram í götumynd, byggðarmynstri, húsagerð, stærð og efnisvali.“

Af gögnum sem lögð voru fram á fundinum má sjá að nýja bílgeymslan verður um 20 m² stærrri en núverandi geymsla, um 90 m³ stærrri og mænishæð hækkar um 2 m og verður rúmlega 1 m hærri en mænishæð íbúðarhússins – mænishæð geymslunnar er í dag um 80 sm lægri en mænishæð íbúðarhússins. Þetta er í engu samræmi við tilvitnanir í drög að skilmálum verndarsvæðis í byggð á Eyrarbakka.

Þótt tillaga að verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka hafi ekki enn verið samþykkt af ráðherra er ekkert því til fyrirstöðu að skipulags- og byggingarnefnd vinni eftir þeim drögum að skilmálum sem settir eru fram í greinargerð með verndarsvæðistillögunni. Hverfisráðið bendir einnig á, að í gildi er hverfisvernd á stórum hluta gömlu byggðarinnar á Eyrarbakka, sbr. aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar, sem ber að taka tillit til þegar fjallað er um endurbætur á eldri húsum eða byggingar á nýjum húsum innan hverfisverndarsvæðisins. Of mörg dæmi eru um mistök í þeim efnum innan hverfisverndarsvæðisins á Eyrarbakka á síðustu áratugum og því mikilvægt að hyggja vel að öllum skilmálum áður en ákvarðanir eru teknar um endurbætur á eldri húsum eða nýbyggingar í eldri byggð.

Esther H. Guðmundsdóttir vék af fundi kl. 19:50.

3. Grenndarstöð á Eyrarbakka

Guðmundur Ármann Pétursson hóf umræðu um grenndarstöð á Eyrarbakka, en óskað var álits hverfisráðs Eyrarbakka um staðsetningu grenndarstöðvarinnar á sl. ári og var fjallað um erindið með rafrænum samskiptum milli fulltrúa í hverfisráði.

Eggert Valur Guðmundsson upplýsti að grenndarstöðin verði sett upp á vordögum við gatnamót Búðarstígs og Hafnarbrúar, sbr. tillögu hverfisráðsins.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum:

Hverfisráð Eyrarbakka fagnar áformum sveitarfélagsins um uppsetningu grenndarstöðvar á Eyrarbakka og telur að grenndarstöðin geti orðið til mikilla þæginda fyrir íbúa á Eyrarbakka til þess að losa sig við flokkaðan úrgang sem ekki má fara í bláu tunnuna við hvert íbúðarhús.

4. Verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka

Guðmundur Ármann Pétursson hóf umræðu um stöðu verkefnisins *Verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka*, sbr. umfjöllun á 28. fundi hverfisráðs 25. febrúar 2020.

Eggert Valur Guðmundsson upplýsti á fundinum, að verkefnið hefði tafist úr hófi fram vegna ýmissa ástæðna, m.a. vegna heimsfaraldurs Covid-19. Til þess að hægt sé að ganga frá tillögu að verndarsvæði í byggð til ráðherra mennta- og menningarmála þarf að halda samráðsfund með íbúum og eigendum fasteigna á Eyrarbakka, en stefnt er að því að halda samráðsfundinn með einum eða öðrum hætti fyrir næstkomandi páska. Fyrir liggi mjög góð gögn sem byggja á góðri vinnu margra aðila.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum:

Hverfisráð Eyrarbakka leggur áherslu á að verkefninu um verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka verði lokið sem allra fyrst. Hverfisráðið hvetur til þess að gögnin um verndarsvæðið verði gerð aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Árborgar og það kynnt með fullnægjandi hætti, svo íbúar og fasteignaeigendur á Eyrarbakka geti kynnt sér gögnin tímanlega fyrir samráðsfundinn.

5. Merkingar húsa

Guðmundur Ármann Pétursson hóf umræðu um merkingar húsa og stöðu þess verkefnis, sbr. umfjöllun á 28. fundi hverfisráðs 9. febrúar 2020, og beindi fyrirspurn til Eggert Vals Guðmundssonar um hvernig bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar hafi afgreitt ályktun hverfisráðsins frá því fyrir rúmu ári. Eggert mun kynna sér stöðu málsins og upplýsa hverfisráðið um afgreiðsluna.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum:

Hverfisráð Eyrarbakka ítrekar fyrri ályktun sína um merkingar húsa á Eyrarbakka frá 9. febrúar 2020 og óskar eftir því að verða upplýst um framgang málsins.

6. Byggingarlóðir á Eyrarbakka

Guðmundur Ármann Pétursson hóf umræðu um byggingarlóðir á Eyrarbakka, næstu skref í lóðamálum og óskaði eftir almennum upplýsingum um lóðaúthlutanir á Eyrarbakka.

Eggert Valur Guðmundsson upplýsti að til standi að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir par- og raðhús í framhaldi af götunni Hjalladæl til vesturs, norðan við byggð á vestanverðri Túngötu. Þar er gert ráð fyrir 38 íbúðum. Stefnt er að framkvæmdum við gatnagerð síðar á árinu.

Jafnframt var rætt um umgengni á lóðum víða í þorpinu og númerslausar bifreiðar, sumar í slæmu ástandi.

Fundarmenn lýstu mikilli ánægju sinni með þær endurbætur sem nú er unnið að á vegum Byggsafns Árnesinga á húseigninni að Búðarstíg 22, sem eru til mikils sóma. Einnig var rætt um endurbætur á bragganum að Búðarstíg 19a og það lofsverða framtak sem eigandi hans hefur sýnt með endurbótum á húsinu og lóð þess á undanförunum misserum. Í því samhengi var rætt um óþarfa bílaumferð um vestanverðan Vesturbúðarhólinn og ráð til þess að stöðva spjöll á gróðri á því svæði.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum:

Hverfisiráð Eyrarbakka fagnar áformum um deiliskipulag nýs íbúðahverfis norðan Túngötu í framhaldi af íbúðagötunni Hjalladæl. Hverfisiráðið hvetur til þess að vandað verði til verka, því ljóst er að þessi nýja íbúðabyggð verður sú ásýnd í vestanverðu þorpinu, sem blasir við vegfarendum um Eyrarbakkaveg (þjóðveg 34) í framtíðinni.

Hverfisiráð Eyrarbakka ítrekar fyrri ályktanir sínar um umhverfismál á Eyrarbakka frá 12. júní 2019 og 19. september 2019. Hverfisiráðið hvetur enn og aftur til þess að áttak verði gert í umgengni á Eyrarbakka í anda verkefnisins „Hreint Suðurland“ og beitt verði þeim valdheimildum sem til staðar eru til að bæta ásýnd þorpsins.

Hverfisiráð Eyrarbakka lýsir mikilli ánægju sinni með framkvæmdir við endurbætur á húsunum að Búðarstíg 19a og Búðarstíg 22. Þær eru til mikillar fyrirmyndar og eru staðarþrýði.

Hverfisiráð Eyrarbakka hvetur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar til þess að leita leiða til að verja svæðið austan Lóðanna Búðarstígs 19a og Búðarstígs 19c (Vesturbúðarhóll) fyrir bílaumferð, en nú eru farnar að sjást skemmdir á gróðri á norðvesturhorni svæðisins vegna bílaumferðar sem er óásættanleg yfir opið útivistar- og minjasvæði sveitarfélagsins.

7. Upplýsingaskilti við barnaskólann

Sigmar Ólafsson hóf umræðu um sögu- eða upplýsingaskilti við Barnaskólann á Eyrarbakka og staðsetningu þess, sbr. umfjöllun á 26. fundi hverfisiráðs 12. júní 2019. Sigmar sagði að í ljósi þeirrar staðreyndar, að á Eyrarbakka hefur verið samfelld skólahald frá árinu 1852 og að senn verður haldið hátíðlegt 170 ára afmæli Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri á árinu 2022 væri viðeigandi að gera sögu skólahalds á Eyrarbakka hærra undir höfði en nú er, m.a. með því að lagfæra eða endurnýja söguskilti sem nú er á lóð skólans. Skiltið er bæði illa farið og illa staðsett. Hann greindi frá því að skólaráð barnaskólans hafi rætt málið og þar hafi menn verið sammála um að gera þyrfti úrbætur og koma þessu skilti í betra ástand og staðsetja það betur.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum:

Hverfisiráð Eyrarbakka hvetur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar að hlutast til um endurnýjun upplýsingaskiltis við Barnaskólann á Eyrarbakka um sögu skólahalds á Eyrarbakka, sem hefur staðið samfelld frá árinu 1852. Hverfisiráðið leggur til að fenginn verði sérfróður aðili sem þekkir sögu skólahalds á Eyrarbakka til þess að yfirfara textann eða semja nýjan og það verði með þeim hætti að bæði ungir og gamlir eigi gott með að tileinka sér upplýsingarnar. Staðsetning verði valin með tilliti til þess að sem flestir eigi gott með að skoða skiltið. Hverfisiráð leggur áherslu á að vinna við framangreint verkefni verði í góðu samráði við skólayfirvöld og skólaráð Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Jafnframt hvetur hverfisiráð Eyrarbakka bæjarráð til þess gera ráðstafanir til þess að hægt verði að minnast samfellds 170 ára skólahalds á Eyrarbakka og Stokkseyri með viðeigandi og sómasamlegum hætti á næsta ári. Fullt samráð verði haft við skólasamfélagið í þorpunum tveimur um undirbúning og framkvæmd hátíðarhaldanna.

Hverfisiráð Eyrarbakka ítrekar jafnframt í þessu samhengi fyrri ályktun sína um upplýsingaskilti í Sveitarfélaginu Árborg frá 12. júní 2019

8. Umferðaröryggismál

Sigmar Ólafsson hóf umræðu um umferðaröryggismál og umbætur í þeim efnunum í þorpinu. Hann nefndi þrjú atriði sérstaklega:

- a) Erfitt sjónarhorn á gatnamótum Túngötu og Álfsstéttar. Væri hægt að leysa með spegli á ljósastaur norðan við gatnamótin og þannig minnka slyshættu á gatnamótunum.
- b) Umferðarhraði á Eyrargötu er mikill þrátt fyrir hraðahindranir og mikil umferð um götuna, m.a. umferð skólabíla, strætisvagna auk almennrar umferðar, eykur slyshættu. Huga þarf að því þrengja götuna á nokkrum stöðum.
- c) Gatnamót Eyrarbakkeveggar (þjóðveggar nr. 34) Álfsstéttar og Stekkjarvaðs (innkeyrsla að íbúðabyggð og hesthúsahverfi) eru verulega hættuleg og þar hafa orðið nokkrir árekstrar og slys. Með aukinni umferð um Eyrarbakkeveggar þarf að huga að úrbótum á gatnamótunum. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er árleg meðaltals umferð á dag um Eyrarbakkeveggar 1.650 bílar vestan Álfsstéttar og 2.550 bílar austan Álfsstéttar og á Álfsstétt er meðaltals umferðin 1.150 bílar á dag.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum:

Hverfisráð Eyrarbakka beinir þeim tilmælum til bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar, að það hlutist til um aðgerðir og úrbætur til þess að auka umferðaröryggi á Eyrarbakka. Hverfisráðið bendir sérstaklega á eftirfarandi atriði sem þarf að huga að:

- a) Auka þarf umferðaröryggi á gatnamótum Túngötu og Álfsstéttar t.d. með því að setja upp umferðarspegil norðanvert við gatnamótin til þess að bæta sjónarhorn þeirra sem aka austur Túngötu með tilliti til umferðar á Álfsstétt í norður.
- b) Auka þarf umferðaröryggi á Eyrargötu með því að leita leiða til þess að minnka umferðarhraða eftir götunni. Hámarkshraði á Eyrargötu er 30 km á klst., en skilti sem segja til um hámarkshraðann virðast ekki duga til að halda umferðarhraða innan marka. Hugsanlega má ná árangri með því að þrengja götuna á nokkrum stöðum.
- c) Auka þarf umferðaröryggi á gatnamótum Eyrarbakkeveggar (þjóðveggar nr. 34), Álfsstéttar og Stekkjarvaðs. Mikil umferð akandi farartækja er um þessi gatnamót og eykur hún mjög á slyshættu fyrir gangandi og ríðandi umferð. Bent skal á að norðan gatnamótanna er komin íbúðabyggð og þar að auki sækja börn og unglingar reiðnámskeið í hesthúsahverfinu allan ársins hring. Hverfisráðið hvetur bæjarráð til þess að hefja viðræður sem fyrst við Vegagerðina um úrbætur á þessum fjölförnu gatnamótum til að draga úr slyshættu.

9. Næsti fundur

Engin ákvörðun tekin um tímasetningu næsta fundar en stefnt að því halda hann innan ekki of langs tíma.

Formanni og ritara falið að ganga frá fundargerðinni.

Fundi slitið kl. 21:02.

Vigdís Sigurðardóttir

ritari

Magnús Karel Hammur

formaður